



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa maí 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 3. maí 2005

Farið var yfir framkvæmdir frá- og vatnsveitu. Fyrir liggur verkáætlun vatnsveitu sem hljóðar upp á að lögn frá vatnsbóli að gamla tanki verði lögð og rennslisprófuð áður en tekin verður ákvörðun um stærð viðbótartanks, sú áætlun var samþykkt samhljóða. VST mun gera skýrslu/verkáætlun vegna lagningar fráveitu og vatnslagna í þorpinu.

Héraðsnefnd Þingeyinga hefur samþykkt fulla aðild Skeggjastaðahrepps að nefndinni, oddvita og varaoddvita falið að ganga frá aðildinni.

Hafnarreglugerð Bakkafjarðarhafnar lögð fram, sveitarstjórn samþykkir drög að hafnarreglugerð og leggur það til við Samgönguráðuneytið að hún verði staðfest sem hafnarreglugerð lögum samkvæmt.

Samningur um slökkviliðsmál milli Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps, Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðahrepps lagður fram til kynningar.

Formleg afgreiðsla hreppsnefndar um að senda Aðalskipulagstillögu Skeggjastaðahrepps 2004-2024 til Skipulagsstofnunar til athugunar. Á fundi hreppsnefndar var samþykkt að tillaga að Aðalskipulagi Skeggjastaðahrepps 2004-2024 verði auglýst samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Tillagan nær til alls sveitarfélagsins og er sett fram í greinagerð, þéttbýlisupprætti í mælikvarðanum 1:5000 og sveitarfélagsupprætti í mælikvarðanum 1:75000.

Fjallskilareglugerð. Talað var við Þorvald Jóhannsson, framkvæmdastjóra SSA, vegna málsins. Ákveðið var að bíða niðurstöðu Héraðsnefndar Múlasýslna.

Bréf barst frá Vopnafjarðarhreppi þar sem tilkynnt er um kosningarfulltrúa í sameiningarnefnd. Þeir eru Aðalbjörn Björnsson og Emil Sigurjónsson.

Bréf barst frá Fljótsdalshéraði þar sem óskað er eftir samvinnu allra sveitarfélaga á Austurlandi um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar. Hlutur Skeggjastaðahrepps verður 33.052 kr. eða 1,10%. Þetta verður skoðað ef þurfa þykir.

Fundur 31. maí 2005

Fyrri umræða um ársreikninga 2004.

Tekin var ákvörðun um að segja upp samningi við Skólaskrifstofu Austurlands. Bréf þess efnis verður sent.

Ákveðið var að fela verkstjóra að ganga til samninga við verktaka um frágang á þúfum við Kötlunesveg.

Samþykkt að taka tilboði í skjólveggi á tjaldstæði.

Bréf barst frá Björgunarsveitinni Vopna þar sem óskað er eftir að styrkur vegna kaupa á beltatæki skerði ekki árlegan styrk vegna rekstrar, var það samþykkt.